

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðs-
gæslu, með síðari breytingum.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, er verður 7. gr. a, svohljóðandi:

Tilkynntur aðili.

Tilkynntur aðili er aðili sem stjórnvöld telja hæfan til að meta samræmi vöru við þau ákvæði laga og reglna sem um þær vörur gilda og stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar ESB sem hæfan til að framkvæma samræmis-
mat fyrir tiltekna vörur samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda um hlutaðeigandi vöru.

2. Við 8. gr. Í stað orðanna „Alþjóðlegum stöðlum“ í 4. tölul. 2. efnismgr. komi: Evrópu-
stöðlum.
3. Við 9. gr. Orðin „tilnefndum eða“ í 2. efnismgr. falli brott.
4. Við 13. gr. Í stað orðanna „skoðunarstofur og tilnefnda aðila“ í 1. efnismgr. komi: og
skoðunarstofur.